

3
16. jan.

Rúmmál húsa í teningsmetrum:

Heimtaugargjöld:

	Jarðstrengur kr.	Loftlína kr.
2000—2399	3360.00	2100.00
2400—2799	3600.00	2200.00
2800—3199	3840.00	
3200—3599	4080.00	
3600—3999	4320.00	
4000—4399	4560.00	
4400—4699	4800.00	

Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m eða lofttaugar fram úr 40 m skal húseigandi kosta það, sem fer yfir. Standi sérstaklega á eða séu sérstakir örðugleikar við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjalds af húseiganda, en gera skal honum aðvart um það fyrir fram.

Standi sérstaklega á, er rafmagnsstjóra heimilt að semja um heimtaugargjaldið við húseiganda.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nr. 221 25. október 1950.

Atvinnumálaráðuneytið, 16. janúar 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

4
17. jan.

um breytingu á lyfsöluskrá frá 15. marz 1951, sbr. auglýsingu 27. september 1951 um 10% hækkun á lyfjaverði frá því, sem greint er í nefndri lyfsöluskrá.

Frá og með 1. febrúar 1952 og þar til öðruvísi verður ákveðið hækkar verð á lyfjum, ilátum og umbúðum, svo og vinnu við lyfjagerð um 10%, og verður 20% — tuttugu af hundraði — hærri en greinir í lyfsöluskrá frá 15. marz 1951.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 17. janúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.